

Skilmálar GS1 Ísland við úthlutanir GS1 auðkenna

Með því að sækja um númerakerfi eða önnur auðkenni hjá GS1 Ísland (þ. á m. strikamerki) undirgangast aðilar skilmála GS1 á Íslandi.

„Ég, fyrir eigin hönd eða umsækjanda, staðfesti hér með að ég hef lesið skilmála GS1 Ísland og samþykki þá. Ég skil þær skuldbindingar sem það hefur í för með sér og samþykki að undirgangast þær, sem og þær breytingar sem síðar kunna að vera gerðar á skilmálum GS1 Ísland.“

Aðild að GS1 Ísland - Skilmálar

Almennt

Skilmálar þessir gilda um viðskipti á milli GS1 Ísland (hér eftir „GS1“) og viðskiptavina félagsins þ. á m. umsækjanda (hér eftir einu nafni „viðskiptavinur“ eða „notandi“).

GS1 skuldbindur sig til að veita viðskiptavini heimild til notkunar á númerakerfi og auðkennum GS1 (þ.m.t. strikamerki) í atvinnustarfsemi viðskiptavinar. Notkunarréttur sem veittur er af GS1 skal vera í samræmi við gildandi reglur GS1 á hverjum tíma (General Specification). Réttur viðskiptavinar er óframseljanlegur. Viðskiptavinur er óheimilt að selja, millifæra eða heimila þriðja aðila notkun á rétti sínum.

GS1 mun eftir fremsta megni tryggja trúnað og öryggi viðskiptavina. GS1 skal ekki miðla upplýsingum um viðskiptavini félagsins eða starfsemi þeirra.

Endurgjald

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að greiða GS1 fyrir notkun á númerakerfi og auðkennum GS1 (þ.m.t. strikamerki) í samræmi við gjaldskrá félagsins eins og hún kann að vera á hverjum tíma.

Skráningargjald skal greitt fyrir úthlutun. Árgjald fyrir þjónustu GS1 reiknast frá samningsgerð og greiðist fyrirfram. Öll gjöld GS1 reiknast og greiðast samkvæmt gildandi gjaldskrá GS1 á hverjum tíma. Allar breytingar á gjaldskrá eru skuldbindandi fyrir notanda eftir að þær taka gildi.

Uppsögn samnings

Segja skal upp áskrift með sannanlegum skriflegum hætti t.d. með því að senda tölvupóst á info@gs1.is. Uppsögn getur einungis tekið gildi um áramót og þarf þá að hafa borist fyrir 20. september hvers árs til að taka gildi um næstu áramót eftir að uppsögn er tilkynnt. Uppsögn tekur gildi þegar starfsmaður GS1 hefur staðfest móttöku hennar skriflega.

Um ábyrgð

GS1 ábyrgist ekki:

a) Tjón, beint eða óbeint, vegna nauðsynlegra viðgerða og endurbóta á búnaði GS1 eða óviðráðanlegra ytri aðstæðna.

b) Tjón, beint eða óbeint, vegna uppsetningar eða notkunar á hugbúnaði sem GS1 kann að útvega viðskiptavini eða ráðlagt honum á að nota.

c) GS1 getur aldrei orðið ábyrgt fyrir tjóni, beinu eða óbeinu, sem notandi kann að verða fyrir við notkun eða vegna notkunar á þeim réttindum sem GS1 veitir.

Skyldur notenda

Viðskiptavinur skal einungis nýta rétt sinn í samræmi við yfirlýstan tilgang við úthlutun og Handbók GS1 á hverjum tíma (GS1 General Specification). Viðskiptavinur skuldbindur sig til að nota þau réttindi sem því er úthlutað af GS1 einungis í lögmætum tilgangi.

Þegar viðskiptavinur sækir um strikamerki eða önnur auðkenni GS1 skal hann láta GS1 í té tölvupóstfang sem tilkynningar frá GS1 skulu berast til. Allar tilkynningar sem sendar eru í uppgæfið tölvupóstfang skulu teljast hafa borist viðskiptavini með fullnægjandi og sannanlegum hætti. Verði breytingar á tölvupóstfangi viðskiptavinar skal hann tilkynna slíkar breytingar til GS1. GS1 áskilur sér rétt til að senda viðskiptavininum póst, bréf og tölvupóst með tilkynningum er varða þjónustuna.

Ef skilmálar þessir eru brotnir getur það valdið tafarlausri lokun fyrir númerakerfi og auðkenni (þ. á m. strikamerki) viðskiptavinar. Viðskiptavinur skal ekki nota umrædd réttindi sem honum hefur verið úthlutað eftir lokun af hálfu GS1. GS1 áskilur sér rétt til að innheimta dagsektir skv. gjaldskrá félagsins fyrir alla óheimila notkun á númerakerfum eða öðrum auðkennum félagsins (þ. á m. strikamerkjum) hvort sem er notkun viðskiptavinar eða annarra aðila. GS1 áskilur sér rétt til að beita öllum lögmætum innheimtuaðferðum til að fá fullnustu krafna sinna.

Skráður viðskiptavinar telst ábyrgur fyrir að skilmálum GS1 sé fylgt. Hann ber alfarið ábyrgð á notkun réttinda og greiðslum til GS1.

Annað

Skilmálar þessir kunna að verða endurskoðaðir án fyrirvara gerist þess þörf vegna breytinga á þjónustu GS1, starfsemi GS1 eða af öðrum ástæðum.



Kringlan 7
103 Reykjavík
S. 511 3011
info@gs1.is
www.gs1.is